

## REIKNINGUR

### Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019.

#### Rekstrarreikningur árið 2019

	<b>þús. kr.</b>
<b>Tekjur</b>	
Framlag ríkissjóðs .....	20.141.360
Framlag sveitarfélaga .....	28.750.093
Önnur framlög .....	<u>1.352.686</u>
Tekjur alls	<u>50.244.139</u>
 <b>Framlög</b>	
Bundin framlög .....	1.270.389
Sérstök framlög .....	5.722.944
Jöfnunarframlög .....	11.673.311
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla .....	12.364.386
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk .....	<u>18.762.933</u>
Framlög alls	<u>49.793.962</u>
 <b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	8.376
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>122.871</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>131.247</u>
Framlög og gjöld alls	<u>49.925.209</u>
 Rekstrartekjur/gjöld .....	318.930
Hreinar fjármunatekjur .....	<u>(157.774)</u>
 Tekjuafgangur ársins .....	<u><u>161.156</u></u>

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eignir</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>	
Sveitarfélög, hluti í óinnheimtu útsvari í staðgreiðslu .....	2.429.275
Sveitarfélög, ofgreitt framlag v/dóms Hæstaréttar .....	1.118.743
Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla .....	18.127
Áfallnar vaxtatekjur .....	1.305
Aðrar skammtímakröfur .....	<u>444.257</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>4.011.708</u>
 Handbært fé:	
Bankareikningar .....	<u>1.541.106</u>
 <b>Eignir alls</b>	<u><u>5.552.814</u></u>
 Utan efnahagsreiknings .....	14.192.086
 <b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>790.341</u>

Nr. 1557/2020

**Skammtímaskuldir:**

Ríkissjóður .....	1.492.322
Sveitarfélög og aðrar skuldir .....	2.934.963
Ógreidd framlög, greiðslustaða .....	<u>335.187</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>4.762.472</u>
Skuldir samtals	<u>4.762.472</u>

**Skuldir og eigið fé alls**

5.552.814

**Sjóðstreymi árið 2019**

**Rekstrarhreyfingar**

*Veltufé frá rekstri:*

Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>161.156</u>
Veltufé frá rekstri	161.156

*Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímaskuldir (lækkun), lækkun .....	(1.622.349)
Skammtímaskuldir (lækkun), lækkun .....	<u>(468.096)</u>
	(2.090.445)

**Handbært fé frá rekstri** (1.929.289)

**Fjármögnunarhreyfingar**

*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs .....	(20.141.360)
Greitt úr ríkissjóði .....	<u>21.518.268</u>
	<u>1.376.908</u>

Hækkun (lækkun) á handbæru fé (552.381)

Handbært fé í ársbyrjun 2.093.487

Handbært fé í árslok 1.541.106

**Staðfesting ársreiknings**

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningsskilaaðferðir eru í meginatriðum þær sömu og árið áður.

Á árinu 2019 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins 161,2 m.kr. samanborið við 38,6 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.552,8 m.kr., skuldir 4.762,5 m.kr. og eigið fé nam 790,3 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Guðný Sverrisdóttir,  
formaður ráðgjafarnefndar  
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## Áritun ríkisendurskoðanda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga skal Ríkisendurskoðun endurskoða reikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

### Álit.

Endurskoðun á ársreikningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019 var framkvæmd samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu ráðherra og formanns ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á ársreikning, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskiladæferðir og aðrar skýringar.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2019, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um opinber fjármál.

### Grundvöllur fyrir álit.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð ríkisendurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda. Ríkisendurskoðandi er óháður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hefur unnið í samræmi við lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

### Ábyrgð forsvarsmanna Jöfnunarsjóðs á ársreikningnum.

Ráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Ráðherra er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Framkvæmd endurskoðunar hjá ríkisendurskoðanda er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að ríkisendurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Nr. 1557/2020

- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi upplýsir forsvarsmenn sjóðsins meðal annars um áætlað umfang og tíma-setningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

*Ríkisendurskoðun, 18. nóvember 2020.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisendurskoðandi.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2021